



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Maí 2006

4. tbl. 13. árg.

Meðal efnis:

Landssamband Stangaveiðifélaga

- Frábær pistill frá Málþinginu 25. apríl

Hreinsun við Hlíðarvatn

- Það var nú ýmislegt gert

Lokahófið 2006

- Í máli og myndum

Efnilegasta silungaflugan 2006

- Hver vann, uppskrift og mynd.

Nestorinn

- Okkar "gömlu" félagar

Veiðisagan

- Ein mjög góð

Takið Eintak



Hreinsunarhelgin: Fáninn blaktir við hún á nýrri stöng



Frá lokahófinu: Jóhann Rúnar Ívarsson fékk aðalvinninginn

AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Evar Ágústsson
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

Ritstjórinn

Jæja veiðimenn, upp er runninn veiðitími.

Ég var að fylgjast með "fréttum" / upplýsingum frá þeim sem byrjuðu strax 1. apríl. Fyrirsagnir eins og: "Takið með ykkur skauta" og "lífllegt í vetrarkulda". Nei veiðimenn er ekki nóg að byrja 1. maí? eða eins og einn af þeim sem ég hitti uppi í félagsheimili um daginn sagði: "miða við lokadaginn"! (Lokadagur vetrarvertíðar á Suðurlandi er 11. maí). Þá er sennilega óþarfi að hafa með sér skautana eða kuldagallann. En menn þykjast vera í sjóbirting, að vori!! eða "spikfeitum geldfisk"! nei mér finnst hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn vera fín byrjun, prófa búnaðinn, athuga hvort ekki sé nóg af flugum í boxunum, allt sé til staðar fyrir komandi sumar, já þá er runninn upp veiðitími.

Hvers á umhverfið að gjalda?

Um hreinsunarhelgina (29 & 30 apríl) þá er oft gaman að aka um Reykjanesið, sjá hvort merki um vorið séu ekki þarna. En ef myndin hérna neðar á síðunni er skoðuð, þá hefur skiltið fengið að kenna á a.m.k. tveim haglaskotum!!, þetta er því miður "vorboði" á þessu svæði. Síðan má sjá fyrirsagnir hjá Morgunblaðinu: "*Bífhjólamenn staðnir að utanvegaakstri*" (við

Kleifarvatn), "*Skáli Skátafélagsins Hraunbúa brann til grunna í Krýsuvík í nótt*" (íkveikja).

Nú spyr ég: "Hvað gengur á"?; Nú er tími til kominn að þið sem eigið hér hlut að máli farið að róa ykkur örlítið. Ég veit að þetta með bífhjolin er viðkvæmt mál, en ef eins og formaðurinn segir í sínum pistli, fara á í vegaframkvæmdir við Kleifarvatn þá verður að koma þessari íþrótt annað. Það er ekki áætlanlegt að þær framkvæmdir sem reynt er að standa að á svæðinu séu eyðilagðar vísvitandi!!, hvað þá allt annað sem er "í vegi fyrir þessum ferðalöngum".



Látum drauminn rætast!

En örlítið léttara hjal; 55 ára afmæli SVH í desember næstkomandi. Hvernig væri að hver og einn ykkar sem fær eintak af blaðinu myndi senda mér mynd og tvær til þrjár línur með henni í lok þessa veiðitímabils? Ég veit að það myndi fylla gott blað en það væri verulega ánægjulegt að vera með blaðið sem veglegast þá.

Evar

Uppskriftin

Ein vel flókin -> **Heitreikt bleikja**

4 stk. bleikjuflök
grófkorna salt
hvítur pipar úr kvörn
2 msk fljótandi hunang
4 msk dijon sinnep
(má sleppa)
1 búnt graslaukur
2 lúkur reyksag



Kassi til heitreykingar.
Ritstjóri smíðaði sér einn
slíkan til að nota við reykingu.
Sag sett í botinn, flókin á
grindina og kassanum lokað,
skellt á gashellu (utandyra)

Aðferð

Við heitreykingu er hægt að nota nokkrar aðferðir. Ein væri að setja bleikjuna á grind á litlu viðarkolagrilli, sem má vera gamalt og úrsérgengið og reykja í því. Þá er saginu dreift um grillið, undir það sem á að reykja og kveikt í. Þegar farið er að rjúka vel úr saginu er lok sett yfir bleikjuna, eða álpappír. Þannig reykist bleikjan við um 50°C gráður. Þetta tekur um 20 mín. en tíminn fer annars eftir því hvers konar áhald er notað við reykinguna.

Röð- og beinhreinsið bleikjuflökin. Skerið flökin í tvennt, saltið létt og piprið. Smyrjið sinnepi yfir. (eða penslið með hunangi). Saxið niður graslauk og stráið honum yfir bleikjuna. Látið standa í um 1 klst. Reykið bleikjuna eins og lýst er hér að ofan. Kælið bleikjuflökin þegar þau eru hæfilega reyksoðin. Berið fram með góðu salati og kaldri sósu, t.d. sýrðum rjóma með graslauk.

Ath, allt hráefnið fæst í Fjarðarkaupum.

(Reyndar gæti þurft að kíkja í veiðibúð eftir reyksagi)

FK

FJARÐARKAUP

Verslun Veiðimannsins

Formaðurinn

Ágætu félagar, þá er vorið loksins komið og vötn landsins að vakna úr vetrardvalanum, veiðimenn orðnir sýnilegir í byggð, við Vífilstaðavatn og Elliðavatn og á fleiri stöðum. Hlíðarvatnið er einnig vaknað og töluvert farið að veiðast þar, flugan komin á vatnið og lítur þetta vel út. Sérlega vel hefur gengið að selja í vötnin okkar og er það fagnaðarefni, en ekki síður áþreifanlegt merki þess að veiðimenn sækja í ríkari mæli í veiðisvæði sem eru hóflega verðlögð. Já líklega er nú flestum farið að blöskra gengdarlaus verðlagning á mörgum ám landsins, það er ekkert fyrir venjulega menn að stunda þær margar hverjar og menn skera laxveiðina niður í einn til tvo túra, en sækja því meir í silungsveiðina. Það skiptir



máli að við stöndum saman og látum ekki bjóða okkur það að verð sé hækkað, stöngum fjölgað, net lögð, settir kvótar eða skipað að sleppa öllum fiski. Okkur ber hinsvegar skylda til að ganga vel um þessa auðlind sem við eigum og veiða í hófi, ganga vel um veiðisvæðin og haga okkur að öllu leyti eins og menn!

Í lok maí verður ráðist í vegaframkvæmdir við Kleifarvatn og lagfærður vegurinn að sunnanverðu þannig að hægt verði með sæmilegu móti að komast austur fyrir vatnið og veiða undan hrauninu. Þarna fengust í fyrra margir fallegir fiskar og nú er um að gera að kaupa sér sumarkort í vatnið og skreppa uppeftir á fallegum dögum og renna. Ég vil hvetja félaga og hafnfirsku veiðimenn almennt að kíkja uppeftir og taka myndir af aflanum og senda okkur á stjorn@svh.is eða webmaster@svh.is Þetta magnaða vatn er við bæjardyrnar og ágætar veiðilíkur og verðinu er stillt í hóf. Að þessu sögðu vil ég þakka fyrir veturinn og óska veiðimönnum ánægjulegra stunda á vatnsbakkanum, ég minni ykkur á að taka myndir eða punkta niður skemmtileg atvik og deila með okkur í Agninu eða á heimasíðunni.

Hans Ólason.



RAFGEYMASALAN
Dalshrauni 17
sími 565 4060

Frá félaginu

Agnið þakkar auglýsendum og öðrum sem lagt hafa til efni í blaðið, fyrir samstarfið í vetur og óskar öllum veiðimönnum ánægjulegs veiðisumars



Gripurinn sem allir ætla að muna eftir í sumar

SVH minnir á Veiðidag fjölskyldunnar

Hann verður núna 25. júní og þá fjölmenna Hafnfirðingar og nærsveitarmenn að sjálf-sögðu í Kleifarvatn eða önnur þau vötn sem í boði verða.

Ljósritunarstofan Lyng



Erum flutt á Strandgötu 43

Lokahófið 2006



"Gömlu" húskarlarnir Guðmundur (t.v) og Hallberg (miðju), svo hinn "nýji", Jóhann sem er að taka við til hægri. Þessir fóru á kostum á lokahófinu.



Að neðan, "nýji" húskarlinn hlaut aðalverðlaunin í happadrættinu, 4 stangir í 2 daga í Minnivallalæk í boði Veiðipjónustunnar Strengja.

Að ofan, Vignir mættur til að taka á móti mætingarverðlaununum, en þetta voru ekki einu verðlaunin sem hann hlaut þetta kvöld, hann fékk einnig verðlaun fyrir Efnilegustu Silungafluguna 2006, sjá á bls. 12



Lokahófið 2006



"Arkó"- Gummi var með kynningu frá fluguveiðiskóla Arkó og Íslensku fluguveiðipjónustunni.



Mæting frábær að vanda ...



.. og mikill fjöldi vinninga eins og áður.



Siggi - tilbúinn í happadrættið



Allir á sínum stað

Lokahófið 2006



Bæði þessi með skeggið og formaðurinn fengu vinning á lokakvöldinu



Bíddu við .. hvaða vinning fékk ég?



Sumir fengu "nokkra" vinninga ... en voru líka oft í símanum



"Konuvinningurinn" fór í "réttar" hendur



Voru ekki örugglega dregnar út réttu tölurnar

Lokahófið 2006



Til vinstri: Hornið vel skipað
Að neðan: Þessar pössuðu barinn



Til hægri:

"Bíddu við væni minn af hverju ert þú mættur hér upp"?, ertu viss um að þú eigir að fá þennan vinning, eða hvað?

Niðri til hægri:

Af hverju voru allir þessir peningar á lofti þetta kvöld, hvað var eiginlega verið að selja þarna?

Niðri til vinstri:

Hlíðarvatnsformaðurinn glaður með kvöldið, fékk ýmsa vinninga ásamt því að hljóta bæði vinning fyrir efnilegustu silungafluguna 2006 og mætingarverðlaunin.



SVH þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn á lokahófi félagsins:

Glugg-Inn	Tempra	Sparisjóður Hafnarfjarðar
BT Firði	Hrói Höttur	Landsbankinn Hafnarfirði
Hárgreiðslustofan Cleopatra	Intersport	Fjarðarkaup
Útilif Glæsibæ	Smurstöð Esso Hafnarfirði	Bón Fús Hafnarfirði
Lyf og Heilsa Fjarðarkaupum	American Style Hafnarfirði	Fiskbúðin við Lækinn
Snyrtistofan Lipurtá	Rafgeymasalan Dalshrauni	G.V. Heildverslun
Lexus Umboðið	Veðivon	Gjafahúsið Strandgötu
Guðmundur Sveinbjörnsson	Hársnyrtistofan G2	Árvík

SVH þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn á lokahófi félagsins:

Ostahúsið Hafnarfirði	Gleraugna- verslunin Mjóðd	Sportvörugærðin
MAX-1	Ellingsen	Veðikortið
Veðihornið	Lax-Á	Arkó Veðihöllin
NTV	Hótel Örk	Veðibúðin við Lækinn
Veðipjónustan Strengir	Fjölsport Firði	A. Hansen
Vesturröst	Byko Hafnarfirði	Bílaust
Lyf og Heilsa		



Efnilegasta silungaflugan 2006

Höfundur: Vignir B. Árnason

Uppskrift:

Öngull:

Partridge-E 2 B.

Þráður:

Uni-gulur nr.6.

Hali:

3 geislar úr rauðu hliðar-fjöðrunum af stéli gullfasana.

Búkur:

Gervihár (Polypropylene) gulbrúnt = "Tan".

Vængir:

Fjaðra-endar af bringufjöður akurhænu.

Skegg:

Hringvafin brún hanahnakkafjöður, 1-2 sinnum aftan við vængina, en aðallega framan við vængina.

Höfuð:

Gult

Um fluguna:

Um miðjan júlí 2005 fengust fjórir fiskar í beit við Kaldóshólma í Hlíðarvatni á fluguna þegar hún var reynd í fyrsta sinn.

Hún hafði verið hnýtt nokkrum dögum áður, en ekki reynd aftur það sumarið.

KÖ - 1



Hér til hliðar, Vignir tekur við verðlaunum fyrir fluguna.

Um keppnina, það bárust í þetta skipti átta flugur, sem er mun betra en í fyrra. Það verður fróðlegt að sjá fjöldann sem kemur þá á næsta ár.

Við komum til með að birta myndir af hinum flugunum í næsta Agni sem kemur að væntanlega út þegar hausta fer.

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn

Það var fín mæting í hreinsunina við Hlíðarvatn hjá okkur að vanda. Eitthvað kom upp af fiski a.m.k. 10 stk. hjá okkur Hafnfirðinum. Sett var upp ný fánastöng og dyttað að því sem gera þurfti klárt fyrir veiðisumarið. Einnig var komið upp upplýsingaskiltum á bílastæðum húsanna við vatnið, svo og merking á húsin sjálf.



Byrjað að grafa fyrir nýrri fánastöng



Mæting frábær að vanda eins og sást á "flotanum" við veiðihúsið



Árni, formaður Stakkavíkur afhendir formanni Hlíðarvatnsnefndar skilti til að setja á veiðihúsið.



Skiltið komið á húsið og sómir sér vel þar.

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn



Fánastöngin komin á sinn stað, vanir menn settir í að koma fánanum af stað ...



Já ... kjötsúpuveislan er rómuð fyrir austan !!



... fáninn kominn upp.

Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn



Það voru ekki jafn margir við Kaldósinn og hreinsunarhelgina fyrir ári síðan ... en þó fékkst þessi bleikja á sunnudeginum við Djúpanef á Peacock.



Að neðan:
Slakað á yfir kaffibolla eftir
að allt er orðið klárt.

Að ofan:
*Eruð þið örugglega búnir
að vinna ykkur inn fyrir
kjötsúpunni drengir ??*
Sigríður Hrólfs búin að gera
klárt fyrir kjösúpuveisluna.



Hreinsunarhelgin við Hlíðarvatn

Ný fánastöng

Það var í vetur sem formaður Hlíðarvatnsnefndar kom að máli við formann félagsins og vildi fá að skipta um fánastöng við veiðihúsið okkar í Hlíðarvatni. Ekki þarf að orðlengja það neitt, málið var sótt nokkuð fast og gekk á með ýmsum rökfærslum, s.s. þær að gamla stöngin væri bogin og helst til lág, eða einungis 9 metrar og væri því eftirsóknarvert að fara í amk 10 metra háa stöng, en þar sem þær eru ekki lagervara þyrfti að panta hana og nú síðustu forvöð. Ekki var formaðurinn nú alveg sammála þessum mælingum en fékk þó stjórnina til að samþykkja fjárveitingu fyrir nýrri stöng, þó skyldi endurtekin hæðarmæling þeirrar gömlu áður en keypt yrði ný stöng. Kvað svo rammt að þessum ýtingum formannsins í Hlíðarvatnsnefnd að a.m.k. 2 aðilar, án þess að vita hvor af hinum, líktu honum við hinn fornfræga Óla í Fitjakoti í sögunni um Bör Börsson sem margir þekkja. Engin ástæða er til að birta niðurstöður nýrrar hæðarmælingar, en nýja flaggstöngin reis á hreinsunarhelgi, hærri en sú gamla og er til mikillar þrýði fyrir staðinn. En einhver hafði þetta á orði:



Réði enginn neitt við neitt,
náð 'ann langt með poti.
Og í lokin brosti breytt,
bóndinn í Fitjakoti

Það fékk enginn rönd við reist
rís þá fána sproti.
Einkar vel nú á það leist,
Óla í Fitjakoti.

Nú er flaggað, fínt í Hlíð,
falleg orð menn noti.
Ánægjuglott er um ókomna tíð,
á Óla í Fitjakoti.


hó....

Fáninn blaktir á nýrri stöng ...

VELGENGNI ER AÐ GLÍMA VIÐ VERKEFNI – OG FINNA LAUSNINA

Sú tilfinning sem fylgir því að ljúka verkefni á farsælan hátt – stóru eða smáu, krefjandi eða auðveldu – er engu lík.

Glitnir er á heimavelli á sviði fjármála og þar býr bankinn að langri reynslu. Okkur þykir fátt jafn gefandi og að finna snjalla lausn á flóknu úrlausnarefni. Lausn sem skilar viðskiptavinum okkar ávinningi.



**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI**

GLITNIR

Nestorinn

SVH verður 55 ára í desember komandi, af því tilefni verður í komandi blöðum rætt við nokkra af eldri félögum og fræðst aðeins um fortíðina og reynt að skyggjast inn í framtíðina. Við ákváðum að kalla þennan þátt í blaðinu "Nestorinn" og viljum með því sýna þessum félögum okkar virðingu og þakklæti fyrir að nenna ennþá að láta sjá sig á aðalfundum og öðrum uppákomum. Fyrstur ríður á vaðið góður félagi til margra ára, Sigurður Ívar Sigurðsson. Sigurður Ívar gekk í Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar árið 1964 og sat m.a. fyrir hönd þess í stjórn Landsambands



Sigurður Ívar (t.h) mættur austur í Hlíðarvatn um hreinsunarhelgina. Hér er hann ásamt Guðmundi Sigurjónssyni.

Stangaveiðifélaga í nokkur ár í kringum 1980, en er líklega öllu þekktari fyrir að vera árum saman ötull meðlimur í Fiskiræktarnefnd, en þegar Finnbogi heitinn Sigmarsson var kosinn formaður nefndarinnar valdi hann þá Sigurð Ívar og Jóhann Þórarinsson með sér í nefndina.

Þeir félagar unnu gríðarlega gott starf og voru ötulir við að leggja net í Kleifarvatn og finna fiskinn, síðan voru teknar myndir af aflanum, sendar í blöðin og skýrt frá því hvar í vatninu líklegast væri að finna fisk. Þá flyktust veiðimenn að, enda voru tekjur af Kleifarvatni á þessum árum alveg gríðarlegar og minnst Sigurður á að þær hafi numið um 1.300 þús eitt sumarið og er það hreint ekki svo lítið. Þá hafi þeir einnig grisjað verulega úr Djúpavatni en nú skulum við gefa Sigurði orðið. "Eitt haustið tókum við hátt í 1 tonn af fiski úr Djúpavatni, í síðustu ferðinni okkar fórum við upp eftir í blíðskapar veðri, en svo byrjaði að snjóa og kyngdi niður svo vart sá út úr augum, það voru góð ráð dýr, en við fengum lánaðan vörubílinn í Norðurstjörnunni og það þurfti að setja á hann keðjur til að brjótast uppeftir. Það var með herkjum að við náðum netunum upp enda vatnið byrjað að leggja og við brugðum á það ráð að henda bara öllu draslinu á bílpallinn og keyra niður í Norðurstjörnuna og greiddum úr netunum þar, síðan fengu þeir sem vildu af starfsfólkinu þar, silung í soðið. En veiðin í Djúpavatni var með miklum ágætum næstu 3 árin á eftir."

Nestorinn

Sigurður er inntur eftir því hvert sé hans uppáhalds veiðisvæði og það stendur ekki á svörum; "Ég held lang mest upp á Hlíðarvatn og þar er Kaldósinn minn uppáhaldsstaður. Þær flugur sem hafa gefist mér best og eru í miklu uppáhaldi eru Watson's Fancy og Peacock, þá bara venjuleg, hvorki með kúlu eða rauðu eða nein afbrigði, en ég notaði stundum svolítið sverari bók og reyndist mér oft vel. Ég byrjaði að fara austur með föðurbróður mínum Inga Kristjánssyni og á ég honum mest að þakka að ég fékk veiðibakteríuna, með honum fór ég austur í



Fiskiræktarnefnd að störfum.

Sigurður Ívar við Kleifarvatn, ásamt Finnþoga Sigmarsyni formanni nefndarinnar.

Hlíð ásamt Alexander Guðjónssyni fyrsta formanni félagsins og fleirum. En það var svolítið merkilegt að á þessum árum veiddum við, þessi hópur sjaldan eða aldrei vestar en mölina fyrir framan húsið og svo alveg austur úr, að Hlíðarey. Ég man einu sinni eftir því að einn fór í Botnavíkina og þá í litla vikið sem liggur vinstra megin þegar gengið er niðureftir, en annars fórum við ekki vestur eftir fyrr en löngu síðar. Á þessum árum var talsvert hærra í vatninu og þegar ég kom fyrst austur var rétt svo að ég gat tiplað á klofstígvelunum út í Hjalhlólmann, en þangað gengur maður þurrum fótum í dag, einn veturinn lækkaði ábyggilega um 30 cm í vatninu.

En telur Sigurður að það sé hægt að koma Kleifarvatni aftur á kortið? "Já ég held að það sé fullt af fiski í Kleifarvatni og vel hægt að hafa af því drjúgar tekur ef rétt er á málum haldið. Það þarf að fara uppeftir og veiða, á stöng eða í net og birta myndir af aflanum og selja leyfin víðar, t.d. á Suðurnesjum. En þetta er talsverð vinna og henni verður að sinna.


Það er t.d. gott að veiða undan hrauninu að austanverðu, sérstaklega ef veður er þökkalegt, en það er eins og hann færi sig fjær landi ef veðrið versnar."

Nestorinn

En hver er framtíð lítilla stangaveiðifélaga, á dögum harðnandi samkeppni? "Við þurfum að berjast fyrir því sem við höfum og megum alls ekki gefa neitt eftir í þeim efnum. Við þurfum að halda áfram að passa Híðarvatnið og verðum að vinna að því öllum árum að halda þessu fjöreggi félagsins. Ég er sannfærður um að framtíðin liggur einnig í Kleifarvatni nú þegar byggðin er að færast nær og menn skreppa þangað á fimm mínútum og veiða í kvöldstund þegar veður er gott."

Ég bað Sigurð Ívar að lokum um eina veiðisögu, hann hló nú við og sagði að frúin hefði nú meira gaman af því að segja hana, en eitt sinn fyrir margt löngu þegar þunnu gúmmívöðlunar voru nýkomnar á markað fóru þau hjónin austur í Sogið að veiða fyrir landi Bíldfells. Hún hafði einmitt fengið svona vöðlur og þó þær væru ansi kaldar var þetta auðvitað frábært að geta vaðið svona djúpt. "Ég var bara á klofstígvélum og við óðum úti hjá tóftarbrotinu, en þar er hægt að vaða fram á gjáarbarminn. Við köstuðum nokkurn veginn samtímis og það skipti engum togum, hún setti í bleykju og ég í lax, og þannig gekk það fyrir sig í þrígang. Þá sagði frúin að þetta væri alveg ómögulegt, hún vildi nú alveg fá lax líka, en sannleikurinn var sá að þetta munaði því að þótt ekki væri langt á milli okkar kastaði ég aðeins út fyrir brúnina á gjánni en hún rétt fyrir innan og þeim megin var bleykjan en hinu megin var laxinn og stutt á milli og þarna á horninu var í mörg ár mikið af bleykju en ég hef ekki orðið var við hana hin síðari ár. Seinna sama dag, um kvöldið stöndum við svo þarna á bakkanum og erum að spá í hvað við eigum að gera, þegar kemur maður róandi yfir ána frá Ásgarði og hann spurði mig hvort ég hefði prufað rækjuna, en ég svaraði því neitandi, hef líklega ekki átt neina þannig flugu, en veð úti, ég var með tveggja handa stöng sem mér finnst best við hæfi í Soginu og eftir nokkur köst tekur þessi líka svaka fiskur og það er ekkert með það, hann rýkur uppeftir öllu og tekur út alla línuna og snéri svo við og fór langt niður eftir, en eftir nokkurn tíma var fiskurinn svolítið farinn að dasa og ég hélt að ég gæti nú bráðum farið að landa honum en þá kippti hann svo hressilega í og hjólið stóð eitthvað á sér og þar með fór'ann. En ég kastaði aftur út rækjunni og fékk 5pd fisk."

Að þessar sögu lokinni, þakkaði ég Sigurði Ívari fyrir kaffið og spjallið og gekk út í vorkvöldið.



Sigurður Ívar mættur á lokahófið

Hó

Guaranteed
To Keep You Dry

GORE-TEX
OUTERWEAR

Immersion **Temperature**

Mörkinni 6 - S: 568-7090

www.veidivon.is



Fróðleiksmolar frá LS

Heilmikil umræða fer fram í þjóðfélaginu, bæði manna á meðal og hjá lögjafarvaldinu um þetta áhugamál okkar svo margra, stangaveiðina. En merkilegt nokk, þegar mikið liggur við og afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar sést yfirleitt enginn stangaveiðimaður, engin rödd hins almenna stangaveiðimanns heyrst og menn láta allkonar bull yfir sig ganga í stað þess að nýta hvert tækifæri til þess að koma sínu sjónarmiðum að



og mótmæla því sem er illa gert og úti hött. T.d. verðlagning veiðileyfa, netaveiði í ósum stangaveiðiáa og mfl. mætti tína til. Undanfarið hefur heilmikið verið í deiglunni og þessi orð sem hér fara á eftir eru rituð til þess að brýna nú stangaveiðimenn til að standa saman um sameiginleg hagsmunamál og láta til sín taka í umræðunni sem á sér stað hverju sinni.

Ný lög um lax og silungsveiði

Eins og flestir veiðimenn efalaust vita liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um lax og silungsveiði, ásamt fleiri tengdum frumvörpum, s.s. um Veiðimálastofnun, fiskrækt, eldi vatnafiska og varnir gegn smitsjúkdómum. Landsamband stangaveiðifélaga hefur beitt sér í þessu máli fyrir hönd stangaveiðifélaga (veiðimanna) og á dögnum kom undirritaður ásamt formanni LS fyrir Landbúnaðarnefnd Alþingis ásamt fleirum. LS var einn af mörgum umsagnaraðilum um frumvörpin og hafði m.a. gert athugasemdir við kaflann um netaveiði í straumvatni og lagði til að þær yrðu bannaðar með lögum en til vara að þær yrðu skertar verulega t.d. með því að setja netin seinna niður og vernda þannig stórlaxastofninn sem eins og kunnugt er gengur snemma í árnar, einnig að dögum yrði fækkað í 2 í viku sem lagnir mættu vera úti. Þannig væri hugsanlega hægt að koma til móts við þau sjónarmið netabænda að þetta væri gert í ánægjuskyni en ekki atvinnuskyni, og jafnframt virtur sá eignarréttur landeigenda að nýta þessa auðlind. Ásamt fulltrúum LS komu samtímis formaður SVFR, 2 fulltrúar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands sem skilað hefur frá sér afar vandaðri úttekt á arðsemi þess að taka upp net á vatnasvæði Ölfusár/Hvítár, og 4 ferskvatnsbændur, fulltrúar veiðifélaga í Borgarfirði, m.a Norðurár, Flókadalsár og Reykjadalssár.

Fróðleiksmolar frá LS

Fulltrúar LS og SVFR voru að nokkru leyti samstíga í því að ekki væri þörf á algeru banni ef netaveiði væri skert verulega, þannig væri hugsanlega hægt að sætta öndverð sjónarmið án þess að traðka á eignarrétti. Athyglivert var hins vegar að í máli ferskvatnsbænda kom fram að þeir vildu algert bann og engar málamiðlanir og lýstu þeir því yfir að þeir væru sjálfir tilbúnir til að greiða þær bætur sem til kæmu vegna þessa, en þyrftu aðstoð löggjafans til að meta bótafjárhæð. Fulltrúar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands vildu einnig algert bann við netaveiði enda sýnt fram á ótvíræða arðsemi þess að veiða lax á stöng en ekki í net, þeir töldu engan mun á því að taka þennan rétt eignarnámi og t.d. því að taka land undir virkjanir eða vegarstæði og greiða bætur fyrir.

Málþing

LS stóð síðan í samvinnu við SVFR að málþingi um frumvörpin, þar voru frummælendur þeir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Gunnar Örlygsson alþingismaður, Óðinn Sigþórsson frá Landsambandi veiðifélaga og Bjarni Júlíusson formaður SVFR. Til þingsins var boði öllum áhugamönnum um lax og silungsveiði ásam ýmsum hagsmunaaðilum s.s. veiðiréttareigendum o.fl.

Þar sem ég sá sárafáa félaga í SVH ætla ég að tína í ykkur nokkra fróðleiksmola sem fram komu á þessu þingi og vona að einhverjir hafi ánægju af.

Löggjafinn

Fyrstur tók til máls landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson og fór hann yfir undirbúningsvinnuna við þessi frumvörp, m.a. að til hefðu verið kallaðir nokkrir af færustu lögfræðingum landsins á þessu sviði, vinnsla frumvarpsins hefði tekið nokkur ár eða frá því 2001 og reynt hefði verið að vanda til þess eins og kostur var. Margt fróðlegt kom fram í máli Guðna s.s. að um 1200 árstörf væru byggð á stangaveiði, veltan í geiranum væri á bilinu 7,8 – 9,1 milljarðar og stangaveiðimenn á aldrinum 18 ára til sjötugs væru um 60 þúsund. Hann sagði einnig það vera grundvallaratriði að eignarlandi fylgdi veiðiréttur og ekki yrði hægt að aðskilja hann frá því og þar sem um þjóðlendur væri að ræða skyldi veiðiréttur vera eign ríkisins.



Fróðleiksmolar frá LS

Ennfremur taldi hann til nokkrar þær breytingar sem í nýju frumvarpi felast, m.a; Ný lög skyldu vera styttri, hnitmiðaðri og skýrari en þau sem fyrir eru, veiðitími á laxi yrði styttrur úr 3½ mánuði í 90 daga, með undantekningum sem fram koma síðar, ósaveiði á stöng skyldi almennt leyfð en að sama skapi í net almennt bönnuð.



Hertar verði reglur um mannvirkjagerð við veiðivötn og veiðifélög í héraði öðlist meira rétt til ákvarðanatöku en jafnframt meiri skyldur en verið hefði. Enn fremur kom fram í máli ráðherra að flestar athugasemdir sem borist hefðu við frumvörpin fjölluðu um netaveiði í straumvatni. Hann kvað erfitt í framkvæmd að lögfesta bann við netaveiði og frjálsir samningar þar um væru algert lykilatriði, samningar yrðu auðveldari með tímanum þar sem netaveiðin væri á fallanda fæti, t.d væri einungis 19 jarðir með lagnir á Hvítár/Ölfusársvæðinu, og þar af einungis 3 sem stunduðu þetta af einhverju ráði, þ.e. Selfoss, Arnarbæli og Laugardæli.

Andstaðan

Gunnar Örlygsson alþingismaður talaði næstur og byrjaði á að flytja þau ágætu tíðindi að veiðifélag Árnesinga ætla að fresta niðursetningu neta til 27. júní og er það fagnaðarefni. Hann lagði síðan upp með að netaveiði þyrfti með einhverju móti að stöðva eða í það minnsta draga úr. Gunnar vitnaði einnig í skýrslur frá Veiðimálastofnun, sem ráðgefandi aðila með 3 starfstöðvar á landsbyggðinni auk höfuðstöðva í Reykjavík, en þar er eindregið mælt með upptöku neta í straumvatni og aðferðin talin tímaskekkja og áætlað að um 25 – 40 % af veiddum fjölda laxa í net myndi skila sér á stöng og taldi að þótt aðgerðin gæti virst nokkuð dramatísk núna myndu komandi kynslóðir þakka þessa framsýni síðar, í raun væru lög sem banna netaveiðar umhverfisvæn. Hann taldi hinsvegar að lögin þyrftu ekki endilega að ganga svo langt að banna alla netaveiði t.d. mætti vel leyfa hana áfram með óbreyttu sniði í vatnasviðum þar sem stangaveiði væri lítil

Fróðleiksmolar frá LS

sem engin, en á öðrum svæðum mætti takmarka hana verulega og koma þannig til móts við sportveiðisjónarmið netabænda.

Gunnar taldi ennfremur að matsnefnd eignarnáms ætti að gera tillögur um réttmætar og sanngjarnar bætur til handa þeim sem bannað yrði að veiða í net, algerlega eða takmarkað, ný lög gætu því orðið og ættu að verða veiðarfarastýring, en þó þannig að svigrúm gæfist til að heimila netaveiði til ánægju. Tekjur netabænda á Hvítár/Ölfusársvæðinu nema einungis 4 – 6 milljónum króna á ári (þrátt fyrir það var 9 milljón króna tilboði SVFR hafnað, innsk. Hó)

Veiðiréttareigendur

Þá tók til máls Óðinn Sigbórsson formaður Landsambands veiðifélaga og í máli hans kom margt fróðlegt fram en hann rakti söguna að nokkru leyti, t.a.m að fyrstu lög um laxveiði eru frá árinu 930, en 1876 hefði gengið í gildi lög sem friðuðu laxinn frá 1. september til 20 maí og núgildandi fyrirkomulag að stofni til er frá árinu 1886, þ.e. að veiða mætti í 3 mánuði á ári en þó skyldi friðað í 36 klst á viku, 1936 komu svo í lög ákvæði um bætur vegna skerðingar á veiði, svo það er augljóst að ekki eru þessar umræður allar nýjar af nálinni. Landsamband veiðifélaga leggur á herslur á nokkur atriði við gerð laganna, m.a. að núgildandi félagskerfi verði óbreytt, þannig að skylt væri að stofna veiðifélag um fiskihverfi og skylduaðild landeigenda sem land ættu að vatni. (Fiskihverfi er það vatnasvæði sem sami stofn gengur um. innsk. hó) Veiðifélögin fengju meira sjálfstæði og auknar skyldur, lögð verði ríkari áhersla á vernd gegn smitsjúkdómum laxa og silunga, ákvæði um veiðirétt væru óbreytt og óheimilt væri að skilja veiðirétt frá landareign. Hann sagði einnig að núgildandi félagskerfi hefði í raun stuðlað að verndun og viðgangi laxfiskastofna og hérlandi væri arðsemi með besta móti borið saman við önnur lönd.



Stóra-Laxá IV - Þessi tók Dentist

Mynd frá ritstjóra Agnsins

Fróðleiksmolar frá LS

Þá væri veiðistjórnun nauðsynleg og gert væri ráð fyrir því í nýju frumvarpi að veiðitími á laxi verði styttnur úr 105 dögum á ári niður í 90 daga og áfram yrði friðun í 86 klst á viku, þó væri heimilt að lengja veiðitímabilið ef um tilbúinn stofn væri að ræða eða í allt að 120 dögum á ári og einnig ef um væri að ræða "veiða og sleppa" yrði heimilt að lengja tímabilið í allt að 105 dögum á ári.



Stóra-Laxá IV

Mynd fengin á www.svfr.is

Í máli Óðins kom einnig fram að LV styður eindregið þá stefnu að allur lax verði stangaveiddur en slíkt megi ekki gerast með valdboði, heldur frjálsum samningum og arðsemisröksemdum. Þá taldi hann upp ýmsa kosti og galla sem í frumvarpinu fælust að mati þeirra, t.d. væri LV alfarið á móti heimildum til að flytja inn notaðan búnað til fiskeldis og teldi slíkt með öllu óforsvaranlegt, hins vegar væri jákvætt að binda í lög að landeigendum sé skylt að veita aðgengi að veiðivatni, þó ekki endilega vélknúnum farartækjum og að eldisstöðvar verði gerðar skaðabótaskyldar vegna þess tjóns sem þær kunna að valda á veiðivatni og þeim verði gert skylt að tryggja sig gegn þess háttar tjónakröfum og í heildina teldu þeir nýtt frumvarp nokkuð gott og sannarlega til bóta.

Stangaveiðimenn

Bjarni Júlíusson form. SVFR var síðasti frummælandinn og viðraði viðhorf síns félags annarsvegar og stangaveiðimanna almennt hinsvegar, þótt þau séu auðvitað ekki öll á sama veg. Hann lagði upp með það sama og fleiri að netaveiði væri tímaskekkja og það væri ýtarlega rökstutt með fjölda samantekta um málið, arðsemisútreikningum, fiskverndunarsjónarmiða o.m.fl. 27. grein frumvarpsins var honum hagleikin en þar stendur "Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet." (*Þetta hljómar nú ekki árgerð 2006.* innsk. Hó) En Bjarni birti tölur máli sínu til stuðnings og tók sem dæmi veiðisvæði SVFR við Hvítá/Ölfusá, Sogið og Stóru Laxá en þar hefur veiði dregist saman að meðaltali um 30% undanfarin 15 ár.

Fróðleiksmolar frá LS

Aftur á móti á veiðisvæðum í Borgarfirði Hvíta, Andakílsá, Gljúfurá og Norðurá væri aukningin um 25 – 34 % s.l 15 ár. Þar væru netin búin að vera uppi um árabíl og auðséð að það hefði sitt að segja. Ennfremur væri það sjónarmið SVFR að fara beri samningaleiðina við upptöku neta og að heimamenn í héraði ættu að ráða sínum málum, samningaleiðin væri sannarlega enginn



Sogið

Mynd fengin á www.svfr.is

dans á rósum, fyrir vestan gengi æ verr að semja hverju sinni og fyrir austan hefði það aldrei gengið neitt! Ennfremur lagði Bjarni fram nokkrar tillögur um hömlur á netaveiði s.s að áherslan verði lögð á að takmarka með lögum netaveiði þar sem möguleikar til stangaveiði væru fyrir hendi, tímabilið stytt, t.d engin net niður fyrr en í júlí, dögum fækkað í 1 – 2 í viku, gönguhelgi aukin og síðast en ekki síst að viðurlög verði hert og eftirlit skýrt í lögum. Ennfremur benti hann á að stangaveiðimenn leggja nú þegar nokkuð af mörku til umhverfisverndar og fiskræktar, t.a.m sé að meðaltali um fjórðungi stórlaxa sleppt og veiðimenn hvattir til að hækka það hlutfall í amk 2/3 og eins hefði stöngum verið fækkað í Norðurá í upphafi veiðitímabils. Þá væru hlutfall slepptra laxa komið úr 2% árið 1996 og uppi að meðaltali 16 – 18% árin 2002 – 2005.

Einnig væri sjálfsagt og eðlilegt að netabændur fengju eðlilegar bætur fyrir upptöku neta og um það væru flestir sammála, hins vegar greindi menn á um hvað væri sanngjarnt. Að lokum tók Bjarni fram að margt væri gott í frumvörpun s.s. trygging veiðimanna fyrir aðgengi að veiðistöðum, o.fl.

Umræður / fyrirspurnir

Flestar fyrirspurnir sem fram komu voru um útfærslur eða ýmis minniháttar atriði, en með ágætum undanþágum þó. Jóhannes Sturlaugsson líffræðingur og vinur okkar hér í SVH gerði alvarlegar og vel rökstuddar athugasemdir við frumvarpið um Veiðimálastofnun.

Fróðleiksmolar frá LS

Í stuttu máli var það hans túlkun að stofnunin sæti ein að því fé sem hið opinbera setti í rannsóknarverkefni þar sem henni væri skylt að framkvæma grunnrannsóknir, en ætti svo að keppa við frjálsa ráðgjafa um almennar rannsóknir, þá væru tengsl Veiðimálastofnunar og Fiskræktarsjóðs með þeim hætti að hlutleysi við úthlutanir úr sjóðnum væri í stórhættu.

Jóhannesi var mikið niðri fyrir sem vonlegt er og verður að segjast eins og er að fátt varð um svör hjá ráðherranum Guðna Ágústssyni! Fleiri athugasemdir og fyrirspurnir komu fram sem ekki verða sérstaklega raktar hér, en eins og þeir hafa væntanlega séð sem nenntu að lesa þetta langt er ótrúlega mikill samhljómur meðal þeirra sem hagsmuna eiga að gæta, um þessi frumvörp og almennt eru menn að tala á mjög svipuðum nótum hvað varðar lögbundna skerðingu á netaveiðum í straumvatni eða svo það sé dregið saman:

- a) *Allir eru sammála um að fara beri samningaleiðina þegar um algera upptöku neta á tilteknum svæðum er að ræða*
- b) *Sammála um að bætur skuli koma fyrir.*
- c) *Menn eru sammála um að netin skuli fara seinna niður, en verið hefur*
- d) *Að netaveiðidögum verði fækkað í 2 í viku*
- e) *Og síðast en ekki síst að ný lög leggi skýran ramma um hvernig hæfilegar bætur eru reiknaðar úr.*

Að lokum sleit Ingólfur Þorbjörnsson formaður LS málþinginu og þakkaði þessum rúmlega 40 gestum fyrir komuna.

Komum við einnig þar að kjarna málsins og ástæðu þess að ég gerði samantekt þessa; Veiðimenn hafa ekkert efni á því að sitja heima þegar brýnustu hagsmunamál þeirra eru tekin til umræðu á opinberum vettvangi. Finnst ykkur virkilega að veiðiumhverfið sé með þeim hætti (verðlagning ofl.,) að það sé engin ástæða til að mæta og láta almennilega í sér heyra??? **Við fjótum margir sofandi að feigðarósi meðan umhverfi þessa áhugamáls okkar þeysir á breiðgötu til helvítis.**

Vona að menn hafi haft einhvern fróðleik af

Hans Ólason ritari LS



.....

.....



THE
ULTIMATE
 4-STROKE OUTBOARD

EURO 1
 EMISSIONS STANDARDS



SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
 KAPLAHRAUN 1, 220 HAFNAFJÖRÐUR
 Sími: 565 1725, WWW.SUZUKI.IS

Veiðisagan

Fyrir nokkrum árum fékk ég að gjöf einn dag í ánni Korpu hér rétt í jaðri borgarmarkanna. Þetta var sólríkur og fallegur dagur, veðrið stillt og allt kannski ekki eins og best verður á kosið þegar hugað er að veiðiskap. Ekki spillti að hina stöngina hafði keypt góður kunningi minn mér óaðvitandi og hafði sá heilmikla reynslu af þessari á sem og mörgum öðrum og oftast fengið góðan afla þar sem hann bleytti færi eða hvað hann nú gerði til að uppskera það allt saman því eftir þennan dag tel ég mig skilja hvernig í þeim aflabrögðum hans liggur..... eða hvað?

Aðstæðurnar voru nú ekki uppá marga fiska eins og áður sagði, sólin brosti sínu breiðasta og lýsti upp árbotninn sem er þarna almennt ekki langt undan yfirborðinu, áin frekar vatnslítil og grunn víðast hvar og sáum við ekki kvikindi á sveimi ef undan er talinn selur sem lónaði rétt utan við árósin og gaf okkur ákveðnar vísbendingar sem okkur þóttu ekki björgulegar vægast sagt og svo ein og ein golfkúla sem ekki rataði rétta leið heldur skvampaði í ána svo segja má að við höfum verið í talsverðri hættu þarna líka. Við reyndum alla þá veiðistaði sem mögulegir voru og allt sem okkur þótti fýsilegt að prófa en allt kom fyrir ekki. Í hádegis hléinu fórum við í litla húsið sem þarna stóð og snæddum nestið okkar harla vonlitlir um góðan afla.....eða bara einhvern afla en við örvuðum hvorn annan upp með því að þetta væri nú útivera! Víð mættum nú ekki gleyma því og hvað það væri nú gaman að labba þarna um í þessari blíðu.

Að hléinu loknu fórum við beint upp að stíflunni eða þar rétt neðan við og ég fór að sveifla flugunni en félagi minn fór að möndlast eitthvað við bakkann, stóð ofan í ánni og var eitthvað að sparka undir hann og ekki þótti mér það nú auka veiði líkurnar, þetta spark. En allt í einu sé ég út undan mér, þar sem ég er að fylgjast með honum trufla mig, eitthvert skvomp við hliðina á honum svona líkt og í litlum fiski að grípa flugu á lignum vatnsfleti og hann segir "NEI VA MAÐUR ÞETTA VAR LAX!! Jæja segi ég vantrúaður og held áfram að kasta flugunni. Félaginn fer hins vegar að vaða þarna um.....hylinn eða hvað við köllum það svo ég þurfti að passa að kasta ekki í hann. Allt í einu segir hann "fjandinn sjálfur, hérna liggur hann" og hann horfir niður fyrir tærnar á sér. "Já er það" segi ég og kasta flugunni af vígamóð, "er einhver hérna" segir hann, "nei, bara við" segi ég og skiptir engum togum að hann brettir peysuna upp að öxlum og stingur höndunum niður í ána og kemur svo upp með 6 punda lax í fanginu og kastar honum upp á bakkan en hann sprikla og nær að stinga sér niður á bak við stein sem stóð í ánni nokkuð þétt við bakkan en þó ekki svo þétt að á bak við hann var drullu pyttur og þar stakk laxinn sér niður.

Veiðisagan framh.

Adrenalín sprenging varð innra með mér sem lísti sér þannig að ég tel mig hafa gengið á vatninu að bakkanum því þessi handtekni lax skildi ekki sleppa, það var á hreinu. Ég skellti mér á magann og gróf hendurnar ofan í drulluna og gramsaði eftir laxinum og viti menn! Allt í einu fann ég hreifingu og kom laxinum upp að bakkanum en lenti í vandræðum með að ná á honum taki ofan í drullunni. Þarna sem ég er að möndlast við að fikra fiskinum ofar þá allt í einu tekur hann að ólmast og sprikla en ég var með hann skorðaðan upp við bakkan svo hann komst hvergi en sporðurinn aftur á móti kom upp úr pyttinum og hann fór að slamma með honum í leðjuna þannig að ég fékk þarna hverja drullu gusuna af annari beint í andlitið en adrenalín spítíð í líkamanum gerði að verkum að ég tók ekkert eftir því og upp kom fiskurinn og við vorum heldur en ekki hróðugir með fenginn, höfðum meira að segja báðir komið að veiðinni.....sá reyndar örlítið meira á andlitinu á mér eftir sporðaköstin. En nú kvað við annan tón hjá okkur og þótti mér allt í einu sem ný veiðiveröld opnaðist mér því þarna voru jú grasi grónir árbakkar um allt og gerði adrenalínið ummrædda það að verkum að ég tók til við að sparka þarna undir hvern bakkann af öðrum og "viti menn!" áin tók að lifna við. Svo til hvar sem fæti var drepíð undir bakka spratt fram fiskur. Og til að gera langa sögu stutta skulum við orða hlutina þannig að legið hafi 6 laxar á bakkanum í dags lok. Það skal nú fylgja sögunni að við vorum nú frekar laumulegir við þessa iðju okkar með alla golfspilara borgarinnar allt í kringum okkur því báðir vorum við full meðvitaðir um að þetta þættu nú ekki löglegar eða öllu heldur viðurkenndar veiðiaðferðir og tilfinningin svolítið eins og þegar við vorum litlir að gera eitthvað sem við máttum ekki, en hvað á maður að gera?? Eitthvað varð að taka til bragðs og þarna bar veiðieðlið okkur ofurliði. Við urðum ásáttir um að segja þetta engum, heldur segjast bara hafa fengið þarna 6 laxa sem og ég hefi gert..... allt til þessa, þar sem all nokkur ár eru liðin frá þessum góða degi hlýtur að vera óhætt að færa þetta í orð.

Sem sagt! Þarna um daginn voru 6 laxar handteknir.

Kannski verða handtökur einhvern tíma viðurkenndar sem veiðiaðferð, hver veit??

félagi xxx

Sérfræðingar í fluguveiði



PRO SHOP

**Sportvörugæðin hf.,
Skiopholti 5, s: 562 8383
www.sportvorugerdin.is**